

Uppbyggingasamningur um strandblakvelli í Tungudal

Ísafjarðarbær, kt. 540596- 2639 og Blakdeild Vestra, kt. 520416-0720, gera með sér svofelldan samning um uppbyggingu á strandblakvöllum í Tungudal árið 2018. Blakdeildin leggur til vinnuframlag og fé sbr. sundurliðun í 1. gr.

1. gr.

Aðilar eru sammála um að Blakdeild Vestra vinni að framkvæmdum við uppbyggingu á strandblaköllum í Tungudal samkvæmt neðangreindri áætlun þessa samnings.

Þau verkefni sem koma eiga til framkvæmda árið 2018 eru eftirfarandi:

Sandur

- Kaup á 50 m³ af sandi kr. 50.000.
- Flutningur á sandi frá Holti kr. 150.000.
- Gröfuvinna á vallarsvæði kr. 30.000.
- Vinnustundir blakfélagsins 40 tímar (dreifing og jöfnun sands).

Yfirbreiðsla

- Yfirbreiðsla yfir blakvöllinn, til að forðast sandfok yfir vetrartímann.
- Efni kr. 200.000.
- Blakfélagið mun sjá um að setja upp yfirbreiðslu að hausti og að taka hana niður að vori.

Leiktæki

- Uppsetning á leiktæki og gerð sandkassa við vallarsvæði.
- Gröfuvinna (4 tímar) og kaup á jarðefni 80.000.
- Vinnustundir blakfélagsins 20 tímar (sandkassi og frágangur yfirborðs).

Girðing

- Einföld girðing við enda blakvalla – til að stoppa bolta.
- Efni kr. 150.000.
- Vinnustundir blakfélagsins 30 tímar.

Vatnspóstur

- Vatnspóstur til að skola sand eftir blakiðkun. Setja þarf einfalda plastlögn í skurð frá meginlögn neðar í dalnum. Settur verður krani ofan vallar.
- Efni kr. 100.000 (lögn og krani).
- Vinnustundir blakfélagsins 15 tímar.

Upplýsingaskilti

- Skilti með upplýsingum um reglur blakvallar o.fl.
- Skiltagerð og efni Kr. 50.000.

Vinnustundir blakfélagsins 10 tímar.

Skjólbelti - plöntur

Plöntur til skjóls til varnar ríkjandi vindáttum. Gert í samráði við starfsmenn Ísafjarðarbæjar (garðyrkjustjóra og umhverfisfulltrúa).

Plöntukaup kr. 200.000.

Vinnuframlag vegna gróðursetningar og ráðgjöf landslagsarkitekts 60 tímar.

Vatnspóstur – pallur

Pallur fyrir vatnspóst ofan vallar.

Timbur og annað efni kr. 100.000.

Vinnustundir blakfélagsins 40 tímar.

Heildarkostnaður samtals 2018

Kostnaður 2018 = kr. 1.110.000

Mótframlag blakdeildar - vinnuframlag = 215 tímar

Mótframlag blakdeildar – fjármunir/styrkir = 200.000

Hlutur Ísafjarðarbæjar = kr. 910.000

2. gr.

Blakdeild Vestra skal sjá til þess að allt umhverfi sé ávallt til fyrirmyndar meðan á framkvæmdum stendur og eftir að þeim líkur. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við útgefið framkvæmdaleyfi.

3. gr.

Ísafjarðarbær greiðir sem framlag til framkvæmdanna kr. 910.000 árið 2018. Blakdeild Vestra skal senda Ísafjarðarbæ tvo reikninga vegna framlagsins. Sá fyrri skal nema 70% fjárhæðar framlagsins og skal greiddur í síðasta lagi. 1. júní. Sá síðari skal nema 30% fjárhæðar framlagsins, sem greiddur verður eftir úttekt í kjölfar skila á lokaskýrslu. Lokaskýrslu skal skilað eigi síðar en 1. desember ásamt sundurliðuðu yfirliti um kostnað og afriti reikninga. Þegar fulltrúi Ísafjarðarbæjar hefur staðfest að framlag blakdeildar Vestra til verkefnisins sé fullnægjandi verður síðari hluti fjárhæðarinnar greiddur.

Ef framkvæmdir skv. 1. gr. samnings þessa hefjast ekki verða þær greiðslur sem inntar hafa verið af hendi vegna samnings þessa afturkræfar. Berist Ísafjarðarbæ ekki tilkynning um verklok, ásamt umbeðnum gögnum, skv. 1. mgr. 3. gr. samnings þessa fellur samningur þessi úr gildi og þær greiðslur sem inntar hafa verið af hendi vegna samnings þessa verða afturkræfar.

4. gr.

Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar hefur eftirlit með verkinu og sér um samskipti fyrir hönd Ísafjarðarbæjar. Brynjar Þór Jónasson, sviðstjóri umhverfis- og eignasviðs, er í forsvari fyrir sviðið. Sviðstjóri hefur eftirlit með að umgengni sé ásættanleg og að verkefninu sé eðlilega sinnt. Forsvarsmaður blakdeildar Vestra vegna samnings þessa er Gunnar Páll Eydal og ber forsvarsmaður ábyrgð á framkvæmdum við uppbyggingu gagnvart Ísafjarðarbæ.

5. gr.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bærstjórnar Ísafjarðarbæjar. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða á Ísafirði. Samningur þessi er í tvíriti og undirritaður í votta viðurvist.

Ísafirði, _____ 2018

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Blakdeildar Vestra

Gísli Halldór Halldórsson

Gunnar Páll Eydal

Vottar að réttri dagsetningu og undirritun:

Nafn Kennitala

Nafn Kennitala